

Héraðsnefnd Þingeyinga bs.

kt. 650371-5509

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs.	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar og sundurliðanir	10 - 12

Héraðsnefnd Þingeyinga bs.,
kt. 650371-5509,
Kjarna
650 Laugum

Skýrsla framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Um Héraðsnefnd Þingeyinga bs.

Í ársbyrjun 2016 tók byggðasamlagið Héraðsnefnd Þingeyinga við öllum eignum og skuldbindingum eldri héraðsnefndar sem starfað hafði frá árinu 1997. Með breyttum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 varð eldra samstarfsform í raun úrelt til að takast á við sameiginleg verkefni sveitarfélaganna. Stofnsamningur byggðasamlagsins var staðfestur af innanríkisráðuneytinu 11. maí 2016 og viðbót vegna barnaverndarnefndar í júní 2017. Aðildarsveitarfélög Héraðsnefndar Þingeyinga bs. eru fjögur að tölu eftir síðustu sameiningar, Langesbyggð, Norðurþing, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.

Sérstakt 15 manna fulltrúaráð, skipað úr hópi kjörinna aðalmanna úr sveitarstjórnnum og jafn mörgum til vara úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórnnum, fer með æðsta vald í byggðasamlaginu. Skál fulltrúaráðið koma saman a.m.k. tvisvar á ári og eiga allir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna seturétt á fundunum með málfrelsi og tillögurétti. Fundir fulltrúaráðsins eru opnir. Á milli funda fulltrúaráðsins ber sérstök framkvæmdastjórn, skipuð framkvæmdastjórn aðildarsveitarfélaganna, ábyrgð á verkefnum byggðasamlagsins gagnvart því og aðildarsveitarfélögunum.

Byggðasamlagið annaðist eftirtalin verkefni á árinu skv. ákvæðum stofnsamningsins.

- Náttúruverndarnefnd skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Menningarmiðstöð Þingeyinga skv. skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar.
- Eignarhald og rekstur $\frac{3}{4}$ hluta Þingeyjar í Skjálfafljóti skv. afsali 15/6 1962.

Samkvæmt stofnsamningnum er gert ráð fyrir að aðildarsveitarfélögin geti falið því frekari verkefni með sérstakri samþykkt allra aðildarsveitarfélaganna. Þá skal byggðasamlagið láta sig skipta sveitarstjórnarmál sem varða héraðið sem heild og tillögur um hvaðeina sem verða má héraðinu til gagns, eins og segir í stofnsamningi.

Starfsemin á árinu

Tekjur byggðasamlagsins hafa annars vegar verið arðgreiðslur vegna veiðihlunninda í Skjálfafljóti, en þeim skal varið til umbóta og fegrunar Þingeyjar eins og segir í afsali. Hins vegar framlög aðildarsveitarfélaganna sem ákveðin eru í árlegri fjárhagsáætlun. Framlög sveitarfélaganna námu samtals 1,5 milljónum króna á árinu.

Rekstrarhalli á árinu nam 13,3 milljónum króna, samanbórið við 2,2 milljón króna rekstrarhalla árið 2023. Enginn starfsmaður starfaði hjá byggðasamlaginu á árinu. Daglegur rekstur var á forræði framkvæmdastjórnar nefndarinnar, enda lítil sem engin starfsemi á árinu.

Framtíðaráform

Aðildarsveitarsveitarfélag Héraðsnefndar Þingeyinga bs. hafa samþykkt að leggja byggðasamlagið niður og er unnið að því að færa verkefni byggðasamlagsins til aðildarsveitarfélaga og slíta byggðasamlaginu. Áætlað er að þeirri vinnu verði lokið á árinu 2025.

Jöfnun rekstrarhalla

Framkvæmdastjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun á rekstrarhalla ársins.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs sem áhrif hafa á byggðasamlagið.

Skýrsla framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs., frh.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Laugum, 2. júlí 2025

Katrín Sigurjónsdóttir
Stjórnarformaður

Aðalsteinn J Halldórsson

Björn Sigurður Lárusson

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Héraðsnefndar Þingeyinga bs. fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu framkvæmdastjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu framkvæmdastjórnar
- Rekstrarreikning og yfirlit yfir aðra heildarafkomu fyrir árið 2024
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2024
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2024
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla framkvæmdastjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð byggðasamlaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla framkvæmdastjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu framkvæmdastjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð framkvæmdastjórnar á ársreikningnum

Framkvæmdastjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Framkvæmdastjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum byggðasamlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning byggðasamlagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa byggðasamlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi byggðasamlagsins. Stjórnendum byggðasamlagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Framkvæmdastjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi byggðasamlagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að byggðasamlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum framkvæmdastjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 2. júlí 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason,
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlög sveitarfélaga skv. áætlun	2	1.500.000	0
Arður af Skjálfandafljóti	3	1.178.595	961.251
		<u>2.678.595</u>	<u>961.251</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	2.912.074	0
Annar rekstrarkostnaður	4	1.065.713	3.261.977
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	6	12.931.285	728.321
		<u>16.909.072</u>	<u>3.990.298</u>
(Rekstrarhalli) -afgangur fyrir fjármagnsliði		(14.230.477)	(3.029.047)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur af bankareikningum		1.211.541	1.072.945
Afdreginn fjármagnstekjuskattur og vaxtagjöld		<u>(271.514)</u>	<u>(244.314)</u>
		<u>940.027</u>	<u>828.631</u>
(Rekstrarhalli) -afgangur ársins		<u>(13.290.450)</u>	<u>(2.200.416)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:			
Fasteignir		18.287.500	17.612.500
Lóðir, lendur		4.357.625	4.206.625
Hlunnindi		639.750	601.000
Fastafjármunir samtals	7	<u>23.284.875</u>	<u>22.420.125</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		16.000	16.000
Aðrar skammtímakröfur		253.038	595.379
Handbært fé	5	<u>16.671.244</u>	<u>16.710.308</u>
Veltufjármunir samtals		<u>16.940.282</u>	<u>17.321.687</u>
Eignir samtals		<u><u>40.225.157</u></u>	<u><u>39.741.812</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Endurmatsreikningur		23.284.875	22.420.125
Óráðstafað eigið fé		419.123	13.709.573
	8	<u>23.703.998</u>	<u>36.129.698</u>
Langtímaskuldir			
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar	6	16.521.159	3.589.874
Skammtímaskuldir			
Ógreidd laun og launatengd gjöld		<u>0</u>	<u>22.240</u>
		0	22.240
Skuldir og skuldbindingar samtals		16.521.159	3.612.114
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>40.225.157</u></u>	<u><u>39.741.812</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	2024	2023
Rekstrarhreyfingar		
(Rekstrarhalli) ársins	(13.290.450)	(2.200.416)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Breyting lífeyrisskuldbindinga	12.931.285	728.321
Veltufé (til rekstrar)	(359.165)	(1.472.095)
 Lækkun rekstrartengdra eigna:		
Skammtímakröfur	342.341	421.133
(Lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	(22.240)	(1.472.954)
	320.101	(1.051.821)
 Handbært fé (til rekstrar)	(39.064)	(2.523.916)
 (Lækkun) á handbæru fé	(39.064)	(2.523.916)
 Handbært fé í ársbyrjun	16.710.308	19.234.224
Handbært fé í árslok	<u>16.671.244</u>	<u>16.710.308</u>
 Greiddir vextir og fjármagnstekjuskattur	(271.514)	(244.314)
Innborgaðar vaxtatekjur	1.211.541	1.072.945
Innborgaður arður	1.178.595	961.251

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Rekstrartekjur

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samþykkrar áætlunar.

1.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

1.4 Efnislegar eignir

Fasteignir, lóðir, jörð og hlunnindi eru færð á fasteignamati í árslok. Breyting á fasteignamati ársins er færð yfir eigið fé.

1.5 Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikning, sbr. skýringu 6.

1.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði en ekki þykir ástæða til að færa óbeina niðurfærslu á móti kröfunum.

1.7 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

2. Framlög sveitarfélaga	2024	2023
Norðurþing	903.274	0
Þingeyjarsveit	416.918	0
Langanesbyggð	163.718	0
Tjörneshreppur	16.090	0
	<u>1.500.000</u>	<u>0</u>

3. Arður

Um er að ræða arð frá A- og B-deild Veiðifélags Skjálfandafljóts vegna eignar héraðsnefndar á 3/4 hlutum í Þingey.

4. Sundurliðun á kostnaði

	Fulltrúa- ráð	Náttúru- verndarnefnd	Barna- verndarnefnd	Samtals 2024	Samtals 2023
Laun og launatengd gjöld					
Stjórnar- og nefndalaun	1.206.997	1.027.355	0	2.234.352	0
Bifreiðastyrkur	268.780	0	0	268.780	0
Tryggingargjald	104.491	69.265	0	173.756	0
Lífeyrissjóðsframlag	169.715	63.444	0	233.159	0
Endurhæfingarsjóður	1.475	552	0	2.027	0
	<u>1.751.458</u>	<u>1.160.616</u>	<u>0</u>	<u>2.912.074</u>	<u>0</u>

	Yfirstjórn	Þingey	Alm.varnir	Samtals 2024	Samtals 2023
Annar rekstrarkostnaður					
Geymslukostnaður bóka	0	0	0	0	712.000
Förgun bóka	0	0	0	0	1.200.000
Fasteignagjöld og lóðarleiga	4.444	0	0	4.444	4.032
Sérfræðipjónusta	1.054.339	0	0	1.054.339	778.233
Umsýsla, Ráðrík ehf.	0	0	0	0	178.751
Aðkeypt þjónusta Ráðrík ehf.	0	0	0	0	323.768
Funda-, viðskipta- og ferðakostnaður	0	0	0	0	46.000
Ýmis kostnaður	6.930	0	0	6.930	19.193
	<u>1.065.713</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.065.713</u>	<u>3.261.977</u>

5. Sundurliðun á handbæru fé

Handbært fé í árslok sundurliðast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Yfirstjórn	476.035	2.387.956
Þingey	15.077.754	13.265.238
Markaskrá Suður Þingeyjasýsla	892.488	844.295
Markaskrá Norður Þingeyjasýsla	224.967	212.819
	<u>16.671.244</u>	<u>16.710.308</u>

Skýringar

6. Lífeyrisskuldbindingar

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Brú lífeyrissjóði námu skuldbindingar Héraðsnefndar Þingeyinga um 16,5 millj. kr. í árslok 2024.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:	2024	2023
Lífeyrisskuldbinding 1/1	3.589.874	2.861.553
Breyting á árinu, hækkun	12.931.285	728.321
Lífeyrisskuldbinding 31/12	16.521.159	3.589.874

7. Efnislegar eignir

	Auðkenni eignar	Hluttur í %	Fasteignamat 31.12.2024	Fasteignamat 31.12.2023
Laugaskóli, húseignin Álfasteinn, Þingeyjarsveit.....	216-3935	12,50%	11.762.500	11.275.000
Laugaskóli, lóð Álfasteinn, Þingeyjarsveit.....	216-3935	12,50%	3.223.875	3.123.125
Laugaskóli, jarðhitahlunnindi, Þingeyjarsveit.....	216-3935	12,50%	517.500	486.250
Laugar, húseignin Holt, Þingeyjarsveit.....	216-3947	25,00%	6.525.000	6.337.500
Laugar, lóðin Holt, Þingeyjarsveit.....	216-3947	25,00%	687.500	665.000
Þingey, jörð.....	216-4156	75,00%	446.250	418.500
Þingey, lax- og silungsveiðihlunnindi.....	216-4156	75,00%	122.250	114.750
			23.284.875	22.420.125

Ofangreindar fasteignir, lóðir, jörð og hlunnindi eru færðar til eignar á fasteignamati í árslok 2024 og breyting ársins á eigið fé. Þar sem eignirnar eru ekki nýttar til tekjuöflunar af nefndinni eru afskriftir ekki reiknaðar í reikningsskilunum.

Brunabótamat fasteigna í árslok 2024 er að fjárhæð kr. 50.193.750 kr.

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga 2023:	Endurmats-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun.....	19.748.750	15.909.989	35.658.739
Fasteignir, lóðir og hlunnindi; breyting á fasteignamati í árslok.....	2.671.375	0	2.671.375
Gjöld umfram tekjur á árinu.....	0	(2.200.416)	(2.200.416)
Staða í árslok.....	22.420.125	13.709.573	36.129.698

Yfirlit um eiginfjárreikninga 2024:

Staða í ársbyrjun.....	22.420.125	13.709.573	36.129.698
Fasteignir, lóðir og hlunnindi; breyting á fasteignamati í árslok.....	864.750	0	864.750
Gjöld umfram tekjur á árinu.....	0	(13.290.450)	(13.290.450)
Staða í árslok.....	23.284.875	419.123	23.703.998

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Katrín Sigurjónsdóttir

Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Björn Sigurður Lárusson

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

löggiltur endurskoðandi
Rúnar Bjarnason